

Samþykktir Stuðningsnets sjúklingafélaganna

1.gr. Nafn

Félagið heitir Stuðningsnet sjúklingafélaganna.

2. gr. Tilgangur

Tilgangur félagsins er að bjóða upp á jafningjastuðning fyrir fólk sem glímir við sjúkdóma og aðstandendur þeirra. Tilgangi sínum hyggst félagið ná með því að afla og þjálfa sjálfboðaliða til að bjóða slíkan stuðning.

3. gr. Starfsemi

Starfsemi Stuðningsnets sjúklingafélaganna skal fara fram með faglegum og vönduðum hætti. Allt frá þjálfun, handleiðslu og endurmenntun stuðningsaðila, til móttöku beiðni um stuðning, þörun við viðeigandi stuðningsaðila, eftirfylgni með stuðningsbeiðanda og stuðningsaðila.

4. gr. Félagsaðild

Einungis sjúklingafélög geta sótt um aðild að félaginu, og er aðild þeirra háð samþykki meiri hluta atkvæða aðildarfélaga á aðalfundi. Umsókn um aðild skal berast stjórn að minnsta kosti mánuði fyrir aðalfund. Aðild nýrra félaga tekur gildi eftir aðalfundarslit.

5. gr. Úrsögn aðildarfélags

Aðildarfélög geta sagt sig úr Stuðningsneti sjúklingafélaganna. Skrifleg úrsögn skal berast stjórn undirrituð af meirihluta stjórnar aðildarfélagsins og tekur þegar gildi. Félag sem segir sig úr Stuðningsneti sjúklingafélaganna er ábyrgt fyrir öllum ákomnum skuldbindingum sínum á úrsagnardegi en fyrirframgreidd árgjöld eru ekki endurgreidd.

6. gr. Brotvikning aðildarfélags

Aðalfundur getur með meirihluta atkvæða vikið aðildarfélagi úr Stuðningsneti sjúklingafélaganna telji fundurinn að aðildarfélagið vinni gegn hagsmunum Stuðningsnetsins eða gegni ekki þeim skyldum sem því ber samkvæmt samþykktum þessum.

7. gr. Starfstímabil

Starfstímabil félagsins er almanaksárið. Á aðalfundi skal stjórn gera upp árangur liðins árs og leggja fram fjárhagsáætlun fyrir næsta ár.

8. gr. Aðalfundur

Aðalfundur skal halda eigi síðar en 1. júní ár hvert og skal boða til hans með minnst tveggja vikna fyrirvara með sannanlegum hætti að minnsta kosti á heimasíðu Stuðningsnetsins og aðildarfélaga þess. Stjórn og meirihluti aðildarfélaga mega boða til aukaaðalfundar með sama hætti. Einfaldur meirihluti mætttra aðildarfélaga ræður úrslitum mála nema kveðið sé á um annað í samþykktum þessum.

Hvert aðildarfélag fer með eitt atkvæði á aðalfundi. Aðildarfélög skulu tilkynna til Stuðningsnets sjúklingafélaganna minnst einni viku fyrir aðalfund hvaða fulltrúi fer með atkvæðisrétt fyrir hönd aðildarfélagsins á aðalfundi, ásamt einum varafulltrúa.

Seturétt á aðalfundi hafa stjórn og starfsmenn Stuðningsnets sjúklingafélaganna auk fulltrúa og varafulltrúa félaganna sem eiga aðild að Stuðningsneti sjúklingafélaganna.

Dagskrá aðalfundar skal vera sem hér segir:

1. Kosning fundarstjóra og fundarritara
2. Skýrsla stjórnar
3. Reikningar lagðir fram til samþykktar
4. Lagabreytingar
5. Ákvörðun félagsgjalds
6. Kosning stjórnar
7. Önnur mál

7.gr. Stjórn

Stjórn félagsins skal skipuð 3 fulltrúum aðildarféлага, formanni, ritara og gjaldkera, kjörnum á aðalfundi til eins árs í senn. Einnig er heimilt að kjósa 3 varamenn. Stjórnin skiptir með sér verkum á fyrsta fundi nýrrar stjórnar. Stjórn félagsins fer með málefni félagsins milli aðalfunda. Formaður boðar til stjórnarfunda. Firmaritun er í höndum meirihluta stjórnar.

8.gr. Félagsgjald

Félagsgjöld skulu innheimt árlega og skal fjárhæð þeirra ákveðin á aðalfundi. Auk félagsgjalda mun félagið fjármagna starfsemi sína með gjaldtöku fyrir þjónustu.

9. gr. Ráðstöfun hagnaðar

Rekstrarafgangi af starfsemi félagsins skal varið í samræmi við tilgang félagsins.

10. gr. Slit

Ákvörðun um slit Stuðningsnets sjúklingafélaganna má taka á aðalfundi með einföldum meirihluta atkvæða. Við slit skulu eignir þess renna til sambærilegra verkefna hjá aðildarfélögum.

Lög þessi voru samþykkt á stofnfundi þann 18.01.2018.

Undirritun stjórnarmanna og varamanna:

Guðmundur Löve, framkvæmdastjóri SÍBS, kt. 080667-4269

Valgerður Hermannsdóttir, varaformaður Hjartaheill, kt. 070651-5649

Björn Magnússon, formaður Félags nýrnasjúkra, kt. 230747-3509

Sigríður Jóhannsdóttir, formaður Samtök sykursjúkra, kt. 190657-3299

Sigríður Jóhannsdóttir

Björg Ásta Þórðardóttir, formaður MS-félagið, kt. 220885-3489

Björg Á. Þórðard.

Arni Sverrisson, formaður Alzheimersamtakanna, kt. 250952-4229

Arni Sverrisson

Dóra Ingvadóttir, formaður Gigtarfélagsins, kt. 260945-4759

Dóra Ingvadóttir

Fríða Björk Arnardóttir, framkvæmdastjóri Neistans, kt. 101079-5629

Frída B. Arnard.

Aldís Jónsdóttir, varaformaður Samtaka lungnasjúklinga, kt. 310761-3899

Aldís Jónsdóttir

Brynhildur Arthúrsdóttir, formaður LAUF félag flogaveikra, kt. 090569-5549

Brynhildur

Ingibjörg Hjartardóttir, stjórnarmaður í Parkinsonsamtökunum, kt. 180552-2439

Ingibjörg Hjartardóttir

Arnþrúður Karlsdóttir, formaður Tourette-samtakanna, kt. 220465-4709

Arnþrúður Karlsdóttir

Guðrún Harpa Heimisdóttir, formaður Hugarfars, kt. 010682-3719

Guðrún Harpa Heimisdóttir

Fríða Rún Þórðardóttir, formaður Astma- og ofnæmisfélags Íslands, kt. 130270-5819

Frída R. Þórðard.